



Skólanámskrá Waldorfskólans Sólstafa

Inngangur.

Segja má að allt starf Waldorfskólans Sólstafa undirstriki mikilvægi þess að ná jafnvægi á milli þeirra þriggja mismunandi leiða sem manneskjan tengist heiminum; í gegnum líkamlegt starf, tilfinningalífið og á hugsanasviðinu. Hugur, hjarta og hönd eru öll jafn mikilvæg í þroskaferli barnsins og eru grunnurinn að nálgun Waldorf uppeldisfræða. Í náminu er barnið sjálft sett í forgrunn og námið miðar að því að mæta nemandanum þar sem hann er staddur. Leitast er við að vinna á skapandi hátt með allt námsefni, bæði í framsetningu efnisins og úrvinnslu þess. Samvinna, samkennd og kærleiksríkt skólastarf eru einnig lykill að þeirri heildrænu nálgun sem er aðalsmerki skólastefnunnar.

Waldorfskólinn Sólstafir hóf starf sitt í Reykjavík þann 6. júní 1994 og hefur vaxið úr einni bekkjardeild 6 og 7 ára barna, í sjálfstæðan grunnskóla, sem starfræktur er í Sóltúni 6, þar sem kennt á öllum stigum með samkenndu tveggja árganga í senn. Markmið sjálfseignarstofnunar skólans er að byggja upp og reka leikskóla og grunnskóla í Sóltúninu, byggja á kenndu og uppeldisfræði R. Steiners. Í starfi skólans eru byggð upp námsferli sem fullnægja kröfum Aðalnámsskrár grunnskóla og nýta sér framvindu og aðferðafræði Waldorf uppeldisfræðinnar. Þróunarverkefni skólans á næstu árum er að skapa sér farveg sem íslenskur grunnskóli með aðra aðferðafræði og áherslur í skólasterfinu. Ritun skólanámsskrár Waldorfskólans er hluti þessa verkefnis.

Kennduverkefni og innihald Waldorf námsskrárinnar




Waldorfstefnan á Íslandi hefur, frá upphafi, verið í þeirri aðstöðu að þurfa að sækja í og miða við námsskrár skólustefnunnar erlendis og samræma þá vinnu markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Þær námsskrár sem miðað hefur verið við eru Aðalnámsskrá norsku Waldorfskólanna; “En læreplan for Steinerskolene 2007” ritstýrð af Dagny Ringheim og “The educational tasks and content of the

Steiner waldorf curriculum” sem er umfjöllun og yfirlit markmiða í waldorfkennslu rituð af Martin Rawson frá 2000. Menntun íslenskra waldorfkennara og kennslureynsla þeirra, liggur að auki til grundvallar námsskrárþróunarvinnu skólans sem hefur verið stöðug frá upphafi. Þeir sem koma að stefnunni hafa sem frumkvöðlar, rutt braut fyrir stefnuna hér á landi og hafa verið sín eigin rannsóknarstofnun í því hvað “íslenskur” waldorfskóli er. Hefðir og hátíðir sem fylgja skólastefnunni hafa verið aðlagðar íslenskum veruleika og námsefni tekið tillit til okkar menningar. Innsýn kennara hefur í gegnum kennsluna og starfið í heild þróað skólasamfélagið og liggur mikil og ígrunduð vinna þar að baki. Það er því augljóst þeim sem starfa við skólann, að skólanámsskrá er menntunarlegt ferli sem er í stöðugri þróun. Hún er nauðsynlegt verkfæri til viðmiðunar en kennslan verður fyrst og fremst að vera innblásin af eldmóði kennarans sjálfs til að móta og aðlaga námsefnið nýjum degi. Hægt er að draga saman markmið Waldorf menntunarinnar á eftirfarandi hátt:

- **Að hlúa að heilbrigðum þroska í hverju barni.**
- **Að gera börnunum kleift að nýta hæfileika sína.**
- **Að hjálpa börnunum að þróa þá færni sem þau þurfa til að leggja sitt af mörkum í samfélaginu.**

Sérhvert þessara markmiða krefst mikillar færni og innsæis af kennaranum. Til að geta náð þessum markmiðum verður kennarinn einnig að geta starfað af ábyrgð í umhverfi sem einkennist af stofnanalegu frelsi án fyrirskipaðrar námsskrár, markmiðasetningu og aðferðafræði. Til að svara þörfum einstaklings á þroskabraut og samfélags sem er í þróun verður menntunin og ábyrg, gagnrýnin sjálfsstjórn að fylgjast að. Þótt þetta virðist þversagnakennt krefst æðri þroski ávallt sem minnstra takmarkana og sem mestrar vitundar.

Þroskastigin og tenging þeirra við námsskrána.



*Hin fullkomna námsskrá verður að miðast við breytilega mynd mannsins þegar hann fer í gegnum mismunandi þroskastig á uppvaxtarárum sínum. En eins og allar hugsjónir stendur hún andspænis raunveruleika lífsins og verður að aðlagast í samræmi við hann. Þessi raunveruleiki samanstendur af mörgum atriðum: Einstaklingseðli kennarans, sjálfum bekknum með séreinkennum allra nemendanna, tímasetningu í mannkynssögunni, fræðsluyfirvöldum og þeim lögum um menntamál sem í gildi eru á þeim stað þar sem skólinn sem vill nota námsskrána er staðsettur. Allir þessir þættir hafa áhrif á hina fullkomnu námsskrá og kalla á breytingar og umræður. Menntunarverkefnið sem manneskja í uppvexti stillir upp fyrir okkur er aðeins hægt að inna af hendi ef námsskráin er síbreytileg og sveigjanleg. **Caroline von Heydebrand***

Í Waldorf menntastefnunni er talað um þrjú grunnstig í þroskaferli barnsins: 0 til 7 ára, 7 til 14 ára og 14 til 21 árs. Í menntakerfinu samsvarar þetta forskólastiginu, 3-6 ára, grunnskólastiginu, 6-14 ára og framhaldsskólastiginu, 15 til 19 ára. Hvert þessara stiga einkennist af mikilvægri og sérstakri þróun í líkamlegum, sálfræðilegum og andlegum þroska. Eftirfarandi lýsing er af nauðsyn aðeins yfirlit. Þótt hvert stig standi fyrir áfanga í lífinu, óskipt og skýrt á sinn eigin hátt, umbreytist hvert þeirra í það næsta. Ferli sem nær vissu hámarki í einum áfanga

umbreytast í hæfileika á næsta stigi þróunarinnar. Litið er á forskólastigið, til dæmis, sem fullgilt stig að eigin verðleikum en ekki aðeins sem undirbúning fyrir næstu stig lífsins. Reyndar er það svo að þar sem svo mikið ræðst af heilbrigðum þroska unga barnsins er forskólamenntun talin vera sífellt mikilvægari í menntuninni sem heild. Af þessari ástæðu er lögð mikil áhersla á menntun ungbarna í Steiner Waldorf menntastefnunni og þar hafa forskólakennarar alltaf haft jafna stöðu innan kennarastéttarinnar. Vegna aukins þrýstings á ung börn og hvarf margra hefðbundinna uppeldis- og stuðningsforma í umhverfi nútímans þarfnast forskólamenntun meiri rannsókna, kennaramenntunar, foreldrafræðslu og ráðsnildar en nokkru sinni fyrr.

Námsferill waldorfskólans í gegnum 10 ár.

Waldorfskólinn leitast við að gefa nemendum sínum svigrúm til að skynja og reyna nýja hluti, bregðast við þeim, herma eftir og skapa nýtt. Kennslufræði Steiners gengur út frá því að hugmyndaflug og sköpunargleði séu nauðsynleg til þess að hægt sé að tileinka sér nýja þekkingu og færni. Waldorfskólanámsskráin hefur ákveðna formgerð, þar sem kennslan er samræmd lárétt og þróuð lóðrétt. Það sem nemendur upplifa í yngri bekkjum á beinan, líflegan hátt, með því að kennarinn virkjar ímyndunaraflið, er í efri bekkjum tekið upp með vísindalegri nálgun í umbreyttu formi.

Hrynjandi



Einn af grunnþáttum þessarar nálgunar náms er meðvitund um hrynjanda. Hrynjandi, eða rytmi er endurtekning sem manneskjan hvílir í og getur verið eins

konar undirstaða ýmissa umbreytingarferla, líffræðilegra eða þroskatengdra. Það að byggja upp kennslustund þannig að hún byrji og endi eins, eða að eitthvað sé endurtekið frá fyrri degi til að rifja upp ýtir undir hrynjanda.


Þessi nálgun gengur einnig í gegnum námsvísinn frá fyrsta til síðasta skólaárs. Námsefni er kynnt á yngri stigum og síðan tekið upp aftur út frá nýju sjónarhorni á eldra stigi. Þessi kennsluaðferð tekur með í reikninginn hrynjandalegt eðli náms þar sem dýpri skilningur myndast við upprifjun og nýjar spurningar. Hjá yngra barninu leikur skynjunarreynslan aðalhlutverk, þar sem skynfærin sjálf eru að þroskast og á efri skólastigum er unnið af vísindalegri nákvæmni þar sem áhugi og þekking sameinast gagnrýnni hugsun og rannsóknarvinnu. Í gegnum hrynjanda eru nemendur leiddir inn í vinnuferli sem einkennast af takti. Þessi reglufesta skapar ramma utanum allt skólastarfið, en eitt af meginmarkmiðum þess er að efla félagslega færni. Litið er á hana sem grunn að góðu samfélagi. Skólinn sem menningarmiðstöð er kjörinn til þessa verkefnis. Tónlist, leiklist, handavinna, vettvangsferðir og vinna í skólastofunni skapa tækifæri til tjáskipta og gera skólanum kleift að vera vettvangur skoðana og samskipta fyrir nemendur, kennara, foreldra og aðra. Skólinn á að vera staður þar sem litið er á frumkvæði hvers og eins sem afl þeirra hluta sem gera skal.

Rétt efni fyrir réttan aldur- yfirlit.



Hverju ári skólagöngunnar tengjast ákveðin þemu og verkefni sem valin eru í samræmi við aldur og þroska nemenda. Til að útskýra þetta nánar má teikna upp einskona yfirlitsmynd af náminu í gegnum 10 skólaár.

Yfirlitsmynd námsferla



(Smellið á til að fá stærri mynd)

Hér á eftir fara dæmi um möguleg viðfangsefni fyrir hvert námsár með tilvísun í þroska barnsins:

1.námsár: Ævintýri og frjáls leikur.
Frjálsi leikurinn þroskar öll skilningavit og eflir sjálfstraust. Litið er á sjálfsprottna leikinn sem tækifæri til að reyna á sig og öðlast hreyfifærni sem grunn að jákvæðum félagsþroska og öflugri rökhugsun á fullorðinsárum. Heimur ævintýra tengir tilfinningalíf og skapandi ferla.

2.námsár: Heimur þjóðsagna.
Börn leggja allt sitt traust á umhverfi sitt og hafa þörf fyrir að eiga sér ákveðinn sess í því. Stórbrotnar og margslungnar þjóðsögur höfða jafnt til ímyndurarafls barnsins og tilfinninga þess. Sögurnar öðlast líf í listsköpun barnsins sem notar til þess liti, lag og tóna.

3.námsár: Dæmisögur og goðsagnir.
Ungir nemendur geta tekist á við siðferðislegan boðskap dæmisagna. Smám saman átta börn sig á því að heimurinn er ekki alltaf góður. Í goðsögnum glíma söguhetjurnar við stórfelldan vanda sem þær eru oftast illa í stakk búnar til að leysa. Þó tekst það að lokum og hetjurnar öðlast auðmýkt og styrk og verða börnunum mikilvæg hvatning og fyrirmynd.

4.námsár: Mannheimar.
Á aldrinum 9-10 ára hafa börnin öðlast meiri vitrænan þroska sem gott er að höfða til með sögum úr Gamla testamentinu. Sagan um Adam og Evu í Paradís og hvernig þau hrekjast þaðan höfðar til nýfenginnar færni í hugsun. Sögur af fornum starfsgreinum mannsins, akuryrkju, fiskveiði og búskap sýna barninu hvernig maðurinn og lífshættir hans setja mark sitt á náttúruna.

5.námsár: Veröld víkinga.
Saga víkinganna, að hluta til sönn, að hluta til spunnin, lyftir fortíðinni upp úr duftinu og birtir sterkar myndir úr norrænni goðafræði, hetjusögum og Íslandssögunni. Dýrafræði dregur síðan fram einföld og skýr einkenni mismunandi tegunda, hæfni þeirra og háttalag. Um leið kemst hið flókna eðli mannsins í brennidepil.

6.námsár: Fornir menningarheimar. Grikkir.
Þegar forn menning víðsvegar um heiminn er krufin kemur í ljós þróunarmynstur sem sýnir hvernig maðurinn lærir að nýta auðlindir jarðar í sína þágu. Í plöntufræði birtist heimurinn sem fagurt teppi, ofið úr þráðum lífs og gróanda og nemendur átta sig á hvernig jurtir laga sig að ólíkum heimkynnum.

7. námsár: Náttúrulögmálin. Rómaveldi.
12 ára gömul hafa flest börn öðlast færni til að skilja hin ýmsu náttúrulögmál. Þá eru algeng fyrirbæri rannsökuð í þaula út frá hljómfraði og sjón. Í rúmfræði æfa nemendur sig í að vinna af nákvæmni og í mannkynssögunni verða lagasetningar Rómaveldis og tilraunir til að tryggja réttlæti öllum til handa, viðfangsefni sem höfðar til barnanna.

8.námsár: Landafundirnir.
Á 13-14.aldursári verða nemendur oft uppteknir af sjálfum sér og sá tími er valinn til að beina sjónum þeirra út á við, á vit landafundanna. Hugrakkir, hugvitsamir könnuðir og ný sýn á samspil manns og náttúru verður í brennidepli. Í stjarnfræði er litið enn lengra, út í óravíddir geimsins.

9.námsár: Iðnbyltingin.
Nemendur vilja hafa áhrif á eigið umhverfi. Í sögu og eðlisfræði er megináhersla á iðnbyltinguna og enn nýjar aðferðir mannsins til að nýta auðlindir jarðar. Nemendur leita orsaka og afleiðinga og meta þær.

10.námsár: Byltingar og breyttir stjórnarhættir.
Meginviðfangsefni þessa árs gæti verið leiðin frá stórbrotnum hugmyndum og eldheitum hugsjónum til raunverulegra stjórnarháttá. Rómantík og raunsæisstefnur eru skoðaðar í bókmenntum. Kennslan einkennist meira af spurn og greiningu á veruleikanum en áður. Listasaga, þjóðfélagsfræði og umbreytingar efnisins gefa veruleikanum vídd.

Að hlúa að heilbrigðum þroska.

Waldorf-námsskráin miðast ekki eingöngu við að vera í samræmi við mikilvægustu þroskastig barnæsku og unglingsára heldur einnig við að örva mikilvæga þroskandi reynslu. Ákveðið efni sem kennt er á sérstakan hátt getur

vakið nýja hæfileika, nýja sýn, nýjan skilning. Rudolf Steiner ætlaðist einnig til þess að námsefnið skyldi virka á samræmandi hátt, alveg niður í hina lífrænu heild og líkamlegu hrynjandi og ferli. Að þessu leyti hefur Waldorf-námsefnið í grundvallaratriðum lækningahlutverki að gegna þar sem það auðveldar og styður heilbrigðan þroska allrar manneskjunnar. Heilbrigði í þessum skilningi, er virkt jafnvægi kraftanna í barninu og að einstaklingurinn geti lynt við annað fólk og umheiminn á yfirvegaðan hátt.

Þetta þýðir líka að hlúð er að skilningi á getu hvers barns á sem ákjósanlegastan hátt.

Frumgerð mannlegs þroska.

En eru börn alls staðar eins? Hafa þau öll sömu þarfir og hraða í þroskaferli sínu? Svarið er að sjálfsgöðu nei. Fjölbreytni er helsta einkenni mannsins. Þótt hægt sé að beita persónuleikaflokkun á margvíslegan hátt til að skilja fólk, til dæmis með því að athuga á skapgerð, líkamsbyggingu, sálfræðilega típu, menningarleg sérkenni, landfræðilegan mismun og svo framvegis, er mest ríkjandi einkennið alltaf einstaklingseðlið. Það er kjarni einstaklingseðlisins, “ég” eða “egó” mannsins sem kemur fram í gegnum víxlverkun við áhrif bæði genetískrar arfleifðar og náttúrlegs og mannlegs umhverfis. Það er “égið” sem leitast við að halda jafnvægi á milli þessara tveggja arfleifða.

Annað mannlegt einkenni er erfðafræðilegt eðli mannlegrar þróunar þar sem fram koma mörg tilbrigði við hrynjandina á sviðum líkamlegs, atferlislegs, tilfinningalegs, vitsmunalegs, félagslegs og andlegs þroska. Sum þeirra eru raðbundin, stighækkandi og í grundvallaratriðum fyrirsjáanleg, þar sem eitt fylgir í kjölfar annars. Augljós dæmi eru hvernig börn læra að ganga og tala, eða þegar þau ná kynþroska. Önnur þroskaferli eru hins vegar óreglulegri, óvissari og einstaklingsbundnari. Innan tiltölulega svipaðs þroskamynsturs geta einstaklingsbundin frávik verið ófyrirsjáanleg og mjög afhjúpandi um einstaklingseðlið.

Hægt er að líta á mannlegan þroska sem víxlverkun á milli andlegs kjarna manneskjunnar sem kappkostar að ná sífellt fyllri tjáningu innan og í gegnum líkamann sem hann eða hún hefur erfð og verður að persónugera. Þessi líkami verður fyrst heimkynni sálarinnar og andans með glugga og dyr út í heiminn.

Síðan verður hann leið einstaklingsins til að fást við heiminn. Þessi víxlverkun á sér alltaf stað í félagslegu, menningarlegu og umhverfislegu samhengi.

Í Steiner-Waldorf menntunarkerfinu er gert ráð fyrir að mannlegur þroski fari í meginatriðum eftir dæmigerðri tímatöflu sem er heilbrigð að því leyti að hún samþættir líkamlegan, sálfræðilegan og andlegan þroska. Waldorf-námsskráin er menningarlegt ferli sem endurspeglar og styður þennan dæmigerða þroska með því að bjóða rétt viðfangsefni og stuðning á réttum tíma. Ef börnin geta aðlagast þessum þróunartakti er hægt að stilla saman þroska þeirra sjálfra. Þessi hugmynd um almennt þroskamynstur hjá börnum er ekki grunnfærnislegt módel heldur hárfínt og mjög flókið ferli. Hver einstök þroskabraut hefur sinn eigin feril sem við köllum yfirleitt ævisögu einstaklingsins eða örlög. Hver einstaklingur kemur inn á, fylgir og vísur frá hinni almennu braut á ýmsum tímum og á sérstökum stöðum. Við upplifum oft slíkar stundir sem tímamót eða tímabil mikilvægra námstækifæra. Slík tímamót, eða kreppur, verða oft hjá börnum á ákveðnu aldurskeiði, til dæmis við 9, 12 og 16 ára aldur, þótt það þurfi ekki að vera. Við sjáum líka að hverju nýju lærdómsskrefi þarf að fylgja eftir með tímabili styrkingar og mótunar. Á meðan börnin eru á hinni almennu braut sem námsskráin veitir geta þau öðlast mikið af því sem kemur þeim að gagni, sem nærir innri þroska þeirra, sem hjálpar þeim að byggja upp hæfileika og færir þeim þá þekkingu á heiminum sem þau þarfnast. Þótt breyturnar séu margar og einstaklingsbundin frávík mikil eru einnig greinilega þættir eins og þjóðerni, tungumál, félagsleg uppbygging, loftslag og landshættir sem hafa áhrif á mikinn fjölda einstaklinga á svipaðan hátt. Svo við höldum okkur við myndlíkinguna sem notuð var hér að ofan má segja að hin almenna braut liggja um mismunandi menningarlegt og landfræðilegt landslag.

Þetta gerir skólum eða jafnvel heilum svæðum kleift að notast við mjög svipaðar námsskrár. Samt getur engin námsskrá haldist stöðug í tíma og rúmi. Menntunin verður bæði að haldast í hendur við almenna þætti og einstaklingseðlið, taka á öðru í gegnum hitt í taktföstum skiptum. Rigningin fellur á alla jafnt en það er einstaklingurinn sem blotnar.

Hvernig vitum við hvernig frumgerðin er? Stöðug athugun, rannsóknir, samanburður og íhugun gera okkur kleift að greina hina lifandi frumgerð mannlegs þroskaferlis. Þetta sýnir okkur jafnframt að frumgerðin er engin

kyrrstæð eining, ekkert óumbreytanlegt, heldur breytilegt fyrirbæri í stöðugri þróun. Reyndir rannsakendur skynja það til dæmis greinilega að börn hafa breyst með nokkrum síðustu kynslóðum. Þroskamynstrið hefur vissulega breyst; dæmi um það er að börn verða fyrr kynþroska en seinna sálfræðilega tilbúin að axla þá ábyrgð sem fylgir því að vera fullorðinn.

Menningarlegar breytingar keyra þróun mannsins áfram á sífellt meiri hraða en líffræðileg þróun. Þannig auka þær hið meðfædda erfðafræðilega eðli mannlegs þroska. Samt er erfiðara að skilgreina aðrar breytingar. Það getur verið að börn nú til dags hafi öðruvísi innra samband við spurningar um æðri merkingu, sem komi fram í andlegum þroska þeirra. Í heimi þar sem æðri merking er ekki endilega lengur eiginleg menningu okkar, hafa börn þá meiri þörf fyrir að finna merkingu? Og kemur þetta fram sem aukinn kvíði og öryggisleysi? Eru skilningarvit þeirra betur vakandi og þeim því hættara við skynjunarlegri ofhleðslu? Hafa þau meiri væntingar til heims hinna fullorðnu og verða því fyrir samsvarandi meiri vonbrigðum þegar þrá þeirra eftir fullvissu og stefnumörkun er ekki nærð á viðeigandi hátt?

Hverjar eru afleiðingarnar fyrir þroska barnsins á “upplýsingaöldinni”? Það er erfitt að meta það hvort börn verða að læra meira núna en um aldamótin 1900. Aukið upplýsingamagn nútímans getur komið í stað gæða upplýsinganna sem börn hafa þurft að fást við á fyrri tímum. Ef til vill vissi fólk á fyrri tíð meira um færri hluti en nú til dags, aftur á móti, vitum við minna um fleiri hluti. Í öllu falli er það augljóst að börn fá nú meira af ótengdum upplýsingaeiningum en nokkru sinni fyrr. Eðli upplýsinga sem miðlað er með rafrænum hætti er að þær eru að mestu leyti gjörsneyddar raunverulegri, beinni upplifun. Þetta vekur stórar spurningar um eðli og þarfir kennslunnar.

Allar þessar spurningar undirstrika þörfina á ítarlegum og yfirgrípsmiklum skilningi á eðli mannsins, það sem kallast lifandi erkitýpu. Því án þessa skortir okkur traustan grunn að skilningi á börnum.



Að þekkja einstaklinginn.

Nákvæm athugun á börnum gerir okkur einnig kleift þekkja einkenni einstaklingsmyndunarinnar sem yfirleitt gerist ekki mjúklega og jafnt heldur er oft slitin í sundur af einhvers konar kreppum. Börn þroskast oft í gegnum röð umbreytinga þar sem eitthvað sem haldið er aftur brýst skyndilega fram. Við tökum kannski eftir óstöðugleika, vonbrigðum, kvíða, fyrirstöðu í námi, hegðunarvandkvæðum og svo framvegis. Við tökum kannski líka eftir því að barn sem er að koma úr fríi, eftir veikindi, eftir skólaferðalag eða einhverja merkilega persónulega reynslu virðist einhvern veginn ólíkt sjálfu sér. Við sjáum að barnið hefur tekið nýtt skref, tengist okkur á nýjan hátt, hugsar og talar af meiri þroska, er allt í einu frjálssara í hreyfingum, eða hefur einfaldlega vaxið um nokkra sentimetra.

Einstaklingurinn birtist greinilegast þegar við höfum mynd af erkitýpunni til að bera mat okkar saman við. Í þessum skilningi er erkitýpan í grundvallaratriðum frábrugðin tölfræðilega meðaltalinu. Erkitýpan gefur mynd af því hvernig “ég-ið” samlagast mannverunni á órofa hátt á ákveðnum aldri á ákveðnu þroskastigi. Erkitýpan myndar innri fyrirmynd sem einstaklingurinn ber sig saman við og lagar einstaklingseðli sitt eftir.

Við getum sagt að sjálft lífið veiti einstaklingnum mótstöðuafli. Sérhvert barn verður að einstaklingsgera sinn eigin líkama, koma sér upp eigin venjum, sínum eigin háttum við að sjá og vera til. Þetta ferli er oft ekki auðvelt. Með mótstöðu kemur núningur, slit, þrýstingur, sem eru allt auðkennandi eiginleikar, sem móta, slíta og þróa. Á vissan hátt er mótstaðan þroskanum nauðsynleg. Án hennar yrði um óákveðinn, stjórnlausan vöxt að ræða. Á sálfræðistiginu fengjum við óvirkni, sinnuleysi og að lokum svefn. Þar sem er mótstaða verður einstaklingurinn að standa fast á sínu, vakna, verða meðvitaðir – í stuttu máli að þroskast.

Eitt af verkefnum fræðslunnar er þess vegna að veita rétta mótstöðu eða ögrun á réttum tíma. Annað markmið er að bjóða upp á stuðning sem veitir barninu bæði öryggi og tækifæri til að þroska nýja getu. Þetta jafnvægi auðveldar útvíkkun þess sem rússneski sálfræðingurinn Lev Vygotsky kallaði “svæði upphafsþroska” barnsins.¹ Á grunni þess sem barnið getur er veittur stuðningur til að gera barninu kleift að teygja sig inn á svið hins mögulega. Þessi “vinnupalla”-tækni² á viðeigandi aldri er eitt af grundvallaratriðum Waldorf-menntastefnunnar.

Meginverkefni menntunarinnar er hins vegar að styrkja “ég-ið”, hinn andlega kjarna hvers barns. Kennslan leitast við að hjálpa “ég-inu” að samlagast sinni líkamlegu lífrænu heild, hrynjandi hennar og ferlum og að koma upp hæfileikum til að tjá sig og hjálpa því að lynda við heiminn og annað fólk á félagslega frjósaman hátt. Andlegur kjarni einstaklingsins og hugsana-, tilfinninga- og viljalíf hans verða að vaxa í takt við hina lífrænu heild, í því sem Steiner kallaði braut holdtekjunnar. Þetta höfuðverkefni er því að örva og stýra sjálfsvirkni barnsins innan námsferlisins. Markmiðið er að styðja einstaklinga á meðan þeir smám saman læra að stjórna og taka ábyrgð á sínu eigin námsferli.

Menntun er svo kunnuglegt og augljóst verkefni í samfélagi okkar að við veltum því sjaldan fyrir okkur hvers vegna við erum yfirleitt að mennta börnin okkar.

Aðspurðir myndu flestir gefa eftirfarandi ástæður: Börn þurfa að búa yfir ákveðinni grundvallarkunnáttu og þekkingu, sem gerir þeim kleift að gegna stöðu sinni í þjóðfélagi samtímans. Aðrar ástæður geta verið þörf barna á að læra um menninguna og að þroska huga þeirra.

Yfirvöld hafa í auknum mæli fengið áhuga á að bæta við listann yfir grundvallarkunnáttu og þekkingu, og fyrirskipa með lagasetningu stig árangurs og framkvæmd. Þau fyrirskipa oft, samkvæmt ráðleggingum menntamanna, innihald þess sem læra skal.

Samkvæmt Waldorf-menntastefnunni eru önnur og brýnni ástæða til að veita börnum menntun. Þetta tekur til þess sem er í grundvallaratriðum mannlegt hið innra með okkur. Ungt barn fylgir líkamlegum eðlishvötum sínum, löngunum og hvötum. Dásamleg greind þess veitir hinn innri hvata til að standa upprétt, finna jafnvægið, hreyfa sig og læra tungumál. En ef þessi viljakraftur væri sviptur mannlegu fordæmi til að líkja eftir yrðu hreyfingar barnsins stjórnlausar og frummálið myndi aldrei umbreytast yfir í setningafræðilega tungumálhæfni. Með eftirlíkingum er viljastyrk hins unga barns beint í átt til þess að það læri að tileinka sér lífshrynjandi, hegðunarmynstur, viðhorf, lífs- og hugsunarhátt sem frelsar einstaklinginn frá sviði hins ósjálfráða. Barn á skólaaldri verður að beita vilja sínum til að hugsa, móta minni og hugmyndir og alla þá mikilvægu færni sem maðurinn þarfnast. Hvers vegna geta þá börn ekki gert þetta með því að halda áfram að fylgjast með og líkja eftir því sem þeir eldri gera? Rudolf Steiner veitti yfirsýn yfir þetta með því að líkja manningum við æðri dýrin:

Að því leyti sem við tilheyrum ríki manna en ekki dýraríkinu verðum við að spyrja okkur sjálf: Af hverju menntum við? Af hverju vaxa dýrin úr grasi og sinna sínu án þess að hljóta menntun? Af hverju verða mennirnir að ala upp og mennta mennina? Af hverju hljóta mennirnir ekki það sem þeim er nauðsynlegt til að lifa bara með því að fylgjast með og líkja eftir? Af hverju verður kennari að hafa afskipti af lífi barnsins? Þessum spurningum er yfirleitt ekki varpað fram af því að málið virðist liggja í augum uppi.

Í rauninni er málið þetta: Frá sjöunda aldursári barnsins til þess fjórtánda verðum við að skapa rétta sambandið á milli hugsunarinnar og viljans. Að öðrum kosti getur þetta farið úrskeiðis. Hjá dýrunum, að því leyti sem þau hafa

draumkennda hugsun og að því leyti sem þau hafa vilja, nær þetta tvennt saman af sjálfu sér. En hjá mönnum ná hugsunin og viljinn ekki saman af sjálfu sér og þess vegna uppfræðum við. Hjá dýrunum er þetta náttúrulegt ferli. Hjá mannum verður þetta að verða siðferðileg virkni. Maðurinn getur orðið siðferðileg vera því hér á jörðinni getur hann fært hugsunina inn í viljann. Allur persónuleiki mannsins – að því leyti sem hann kemur að innan – hvílir á réttum samhljómi sem myndast á milli hugsunar og vilja sem afleiðing af viðleitni einstaklingsins. Þannig sjáum við að sjálfsvirkni barnsins verður að að fá leiðbeiningu, fyrst í gegnum stælingu og síðan með menntun.

Sýn, stefna og sérstaða skólans

Tenging skólastefnunnar við grunnþætti menntunar í aðalnámsskrá.



Grunnþættir menntunar sem lagðir eru til grundvallar íslensku aðalnámsskránni eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Í aðalnámsskrá segir: “grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum.”[1]

Waldorfnámsskráin er í sjálfu sér menningarlegt ferli sem endurspeglar og styður alhliða við þroska barnsins og eru grunnþættir hennar að miklu leyti í samhljómi við þessa þætti sem lagðir eru til grundvallar í aðalnámsskrá. Eitt mikilvægasta hlutverk kennarans í waldorfskólanum er að skapa umhverfi þar sem nemendur geta þroskað þá færni sem þeir þurfa til að geta tekið þátt í að móta samfélag til framtíðar með skilningi á samábyrgð og vissu um eigin getu til breytinga. Í bókinni Waldorf education segir : “Það sem við getum innblásið...er viðhorf til þekkingar og náms sem ýtir undir og setur í gang alvöru áhuga á hinu samfélagslega og náttúrulega umhverfi okkar einskonar siðræn vistvernd.”(þýð.SE)[2] Þessi nálgun gengur í gegnum allt starf skólans og er sjálfbærni í samfélagslegu og umhverfislegu samhengi þannig einn af grunnþáttum skólastarfsins. Hið menningarlega ferli sem er samþætt hverju skólaári innan waldorfnámsskrárinnar (sjá kaflann Námsferill waldorfskólans) gefur tilefni til margvíslegra snertiflata við grunnþætti menntunar sem snúa að læsi, lýðræði, jafnrétti og mannréttindum. Í gegnum skólaárin 10 er öll menningarsaga mannsins tekin fyrir og fléttuð inn í viðfangsefni í náminu út frá þroska og aldri. Sem dæmi má taka 6. námsár þar sem þema vetrarins er gríska goðafræðin. Þar er menningarheimur grikkja í fornöld blásinn lífi í kennslunni og unnið er með hugmyndafræði grikkja, upphaf lýðræðislegrar hugsunar, goðafræði, ólympíuleikana tilforna,(íþróttir) kortagerð, gríska leikhúsið(leiklist), heimspeki og samræðulist. Þessir þættir fléttast inn í námsefni í íslensku og stærðfræði, ensku og flest önnur fög vetrarins. Miðlalæsi, gagnrýnin hugsun, virðing fyrir hugmyndum annara og geta til að leysa fjölbreytt verkefni af sjálfsöryggi eru gegnumgangandi í vinnu nemenda og hver kennari útfærir kennsluna síðan fyrir sinn hóp og er í samstarfi við fagkennara eins og handverks, íþróttar og tungumálakennara.

Heilbrigði og velferð er grunnþáttur sem snýst um að hlúa að líkamlegu, andlegu og félagslegu heilbrigði, jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi. Segja má að öll uppbygging skólastefnunnar stuðli að alhliða heilbrigði. Námskráin, eins

og Steiner byggði hana upp, gegnir læknanði hlutverki, þar sem leitast er við að ná fram líkamlegu, tilfinningalegu og andlegu jafnvægi í gegnum námið. Að auki er unnið eftir vistvænni forskrift í ytra umhverfi skólans, þar sem vistvernd, hráefni og lífrænt ræktaður matur eru í eins miklum gæðum og hægt er. Þannig er allt umhverfi skólans heilsueflandi og er unnið markvisst með jákvæðan skólabrag, samskipti og vellíðan innan þessa ramma.

Samþætting sköpunar og námsefnis.



Í listsköpun fær innsæi, ímyndunarafl og sköpunargleði manneskjunnar að njóta sín. Bæði kennslan og námið í skólanum eru samtvinnuð grunnþættinum sköpun. Í nýrri Aðalnámsskrá grunnskóla segir í kafla um grunnþætti menntunar: “Vinnubrögð í listsköpun og vísindum einkennast oft af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika. Þannig vinnubrögð er æskilegt að sjá í öllu námi og skólastarfi.”[3] Þessi nálgun er eitt af leiðarljósunum í starfi skólans. Áhugi, forvitni og nám sem byggir á upplifun nemenda þar sem hægt er að tengja námsefnið við eigið líf. Hið skapandi ferli er opið og fer í margar áttir í einu. Það

stjórnast af fjölmörgum þáttum m.a.tilfinningum, innsæi , hugmyndum og áreiti. Það tengir andlega upplifun við hið áþreifanlega og er heilandi ferli í sjálfu sér.

Að upplifa skapandi ferli í námi er þroskandi reynsla sem færir nemandanum fjölmörg verkfæri til að nota seinna í lífinu. Kennsluaðferðin miðar að því að gera nemendum kleift að vinna innan þessa ferlis í námi sínu og er meðvitað tæki í höndum kennarans. Því er einnig nauðsynlegt að kennarinn sé reiðubúinn til að vinna að námsefninu á sama hátt, af áhuga og sköpunargleði og að upplifa og njóta kennslunnar ásamt nemendum sínum. Námsefnið er sett fram af bekkjarkennara sem frásögn og /eða upplifun á lægri bekkjarstigum. Með þessari nálgun getur kennari nýtt sér skapandi ferli frásagnarlistarinnar sem er eitt elsta listform mannsins. Leikurinn og upplifun virkjar einnig nemandann, skynjun hans og líkamlega færni. Á þennan hátt skapast tenging við efnið og áhugi. Námið öðlast merkingu og gildi á meðan þeir hlusta á frásögnina og taka þátt. Þessi virkni er mikilvæg í hinu skapandi ferli sem heldur síðan áfram þegar barnið vinnur úr námsefninu daginn eftir og næstu daga í vinnubókina sína eða á annan hátt. Þar myndgerist sú upplifun sem daginn áður fór fram í huga og tilfinningalífi barnsins. Þetta ferli : -upplifun, -hugleiðing, -frumkvæmd, samsamar námsefnið nemandanum og nærir tilfinningalíf hans. Námsefnið er þannig ekki óhlutbundið og fjarlæggt heldur raunverulegt lærdómsferli sem gefur tilefni til frekari sköpunar.

Sköpunarferli sem þetta er samþættað námsgreinum á öllum skólastigum en ferlið verður sjálfstæðara og flóknara eftir því sem nemandinn þroskast og á efri stigum eru dýpri umræður og rökræða einnig stór hluti af þessu ferli, auk eigin rannsóknarvinnu og tengingamyndunar námsins við samfélagið og lífið utan skólans og þar er kennarinn í leiðbeinandi hlutverki til að ýta undir gagnrýna hugsun, frumkvæði og áhuga.

Mannspeki sem grunnur að Waldorf kennslufræði.



Steiner-Waldorf kennslufræðin er byggð á skilningi Rudolfs Steiner (1861-1925) á manningum sem hann byggði á reynslurannsóknum og athugunum auk beins innsæis hans í sálfræðilegum og andlegum raunveruleika. Umtalsverðar rannsóknir innan Waldorf-hreyfingarinnar síðustu 80 árin hafa bætt við þennan þekkingargrunn og stutt hann. Rannsóknum þessum hafa verið gerð góð skil í mörgum bókum á fjölmörgum tungumálum.

Skilningur Steiners á eðli mannsins myndaði kjarnann í þeirri heimspeki og heimsfræði sem hann kallaði mannspeki (anthroposophy).[i] Iðnjöfurinn Emil Molt bað Steiner að stofna fyrsta Waldorfskólann í Stuttgart 1919, upphaflega fyrir börn verkamanna í Waldorf Astoria vindlingaverksmiðjunni. Hann stjórnaði skólanum til dauðadags 1925. Á þessum tíma hélt hann nokkur námskeið fyrir kennarana, var viðstaddur kennslustundir og sótti reglulega kennarafundi. Steiner þróaði og kynnti upphaflegu námsskrána sem síðan var þróuð áfram undir handleiðslu hans og fyrir frumkvæði kennaranna við skólann í Stuttgart. Síðan þá hefur það sem farið er að kalla Waldorf-kennsluskrána eðlilega þróast og hefur hún verið aðlöguð mismunandi menningarlegum og landfræðilegum aðstæðum og er nú notuð í meira en 780 skólum í um 40 löndum.

Mannspekin myndar þekkingarfræðilegan og mannfræðilegan grunn að Steiner-Waldorf menntastefnunni þótt innihald hennar sé ekki kennd í skólunum. En

innsýn hennar og andi hafa áhrif á námsskrána og sjá kennurunum fyrir hugmyndafræði sem þeir sem einstaklingar vinna eftir og þaðan sem þeir fá innblástur. Sjálfur lýsti Steiner mannspekinni sem “braut þekkingar sem leitast við að leiða hið andlega í manninum til hins andlega í alheiminum.”[ii]

Miðlægur hluti mannspekinnar er möguleikinn á andlegri þróun einstaklingsins. Steiner gaf út nokkrar viðmiðunarreglur fyrir fólk sem vill fara inn á braut siðferðilegrar og andlegrar þróunar sem miða að því að gera fólki kleift að auka siðferðisstyrk sinn, skerpa skilningsgetuna og bæta hugsun og dómgreind. Undirstöðuatriði á þessari þekkingarbraut er íhugun, en með því átti Steiner við að einstaklingurinn ætti að koma á hrynjandi í daglegu lífi sínu hvað varðar reglulega einbeitingu og vitundarmiðun í “tryggð við sérstaka hugmynd, tilfinningu eða verk viljans.”[iii] Slíkur agi í hugsun er efldur með ýmiss konar einbeitingaræfingum sem stuðla að óeigingjarnri, ótakmarkaðri og árvakurri hugsun. Steiner lýsti forsendunum fyrir þessari innri þróun einstaklingsins sem: “(sjálfs-)stjórn á stefnu hugsana sinna, stjórn á hvötum sínum, jafnaðargeði gagnvart ánægju og sársauka, jákvæðu hugarfari gagnvart umheiminum og vilja til að taka lífinu með opnum huga.”[iv] Siðferðilegir og persónulegir eiginleikar sem fylgja þessari öguðu hugsun eru þolinmæði, rólyndi, virðing, lotning, tryggð við sannleikann, heiðarleiki gagnvart staðreyndum, ákafi til vinnu, áhugi á heiminum, ást og þakklæti gagnvart öðrum og ábyrgð á eigin gerðum. Steiner hélt því fram að hver sem er gæti þróað með sér andlegt innsæi, eins og hann bjó sjálfur yfir, að meira eða minna leyti. Hann staðhæfði alltaf að hver sá sem agaði hugsun sína og rannsóknarhæfni á viðeigandi hátt gæti sannreynt það andlega innsæi sem hann talaði um opinberlega og lýsti í bókum sínum. Hann ráðlagði kennurum ávallt að vinna með þær hugmyndir sem hann benti á og nota þær aðeins ef reynslan sýndi að þær bæru árangur.

Einstaklingsmyndun



Einstaklingsmyndunarferlið, þar sem menntun leikur mikilvægt, styrkjandi hlutverk, felur í sér vaxandi tilfærslu á virkni “égsins”. Við fæðingu er “ég-ið” fyrst og fremst virkt í efnislega líkamanum. Um sjö ára aldurinn verða sumir kraftar líflíkamans smám saman óþarfir hvað lífrænt hlutverk sitt varðar og losa sig frá hinni líkamlegu lífveru. Þeir verða þannig tiltækir til að styðja tilkomu aðgreinds innra lífs og sérstaklega til að auðvelda ferli hugímynda og myndun minnisins, sem eru tvö ferli sem eru nauðsynleg fyrir nám. Áður en þessi frelsun hefur átt sér stað lærir barnið með því að herma eftir frekar en að skilja þar sem skynreynslan

fer nokkurn veginn ótruflað af huganum út í athafnir barnsins. Þegar mótunarkraftar líflíkamans byrja að losna getur barnið í auknum mæli myndað og skipulagt innra líf reynslunnar. Á meðan minnið er enn nátengt hinni lífrænu heild er það frekar tengt aðstæðum en að það sé sjálfstætt. Það er ekki fyrr en minnið fer að virka óháð skynjunaráreiti að óhlutbundin hugsun verður möguleg. Á gelgjuskeiðinu fer starfsemi sálarinnar, hugsun, tilfinningar og vilji, sem hafa fram að því verið samofin starfsemi líffæranna og síðan innan lífsferlisins að losna úr læðingi. “Ég-ið” verður virkt innan sálarinnar og hjálpar ungmenninu að mynda sér skoðanir út frá sjálfstæðum hugmyndum og smám saman að stjórna hegðun sinni í samræmi við meðvitaðan ásetning sem er runninn af rótum hugsjóna.

Það er ljóst af þessari mjög svo stuttu lýsingu að það er meginverkefni menntunarinnar að styðja virkni “égsins” í hverju barni með því að samþætta hina ýmsu líkama á þann hátt að heilbrigð, samstillt þróun geti átt sér stað. Að styðja sjálfs-virkni einstaklingsins er nauðsynlegt til að ná fram fullri getu hans. Allar hliðar menntunarinnar þjóna þessu markmiði.

Rudolf Steiner gerði tengslin á milli mannspeki og Waldorf-menntunar mjög skýr þegar hann ávarpaði foreldra í hinum nýstofnaða fyrsta Waldorf-skóla: Þið þurfið alls ekki að óttast að við ætlum að láta þennan skóla vera fulltrúa einhversrar sérstakrar heimspeki eða við ætlum að hamra mannspekilegar eða aðrar kreddur inn í börnin. Það er ekki það sem við höfum í huga. Hver sá sem segir að við séum að reyna að kenna börnunum sérstakar mannspekilegar kennisetningar segir ekki satt. Þess í stað reynum við að þróa list menntunarinnar á grunni þess sem mannspekin þýðir fyrir okkur. Það er aðferð menntunarinnar sem við reynum að fá frá andlegum skilningi okkar. Við reynum ekki að þröngva skoðunum okkar upp á börnin en við teljum að andleg vísindi séu ólík öllum öðrum vísindum í því að þau virkja alla persónuna, gera fólk fært á öllum sviðum, en þó sérstaklega í samskiptum við annað fólk. Það er þetta “hvernig” sem við reynum að skoða, ekki “hvað”. “Hvað” er afleiðing félagslegrar nauðsynjar; við verðum að beita öllum áhuga okkar til að öðlast það með því að lesa um það sem fólk þarf að vita og geta gert ef það á að geta gegnt stöðu sinni sem góðir, hæfir einstaklingar. “Hvernig,” hins vegar, hvernig kenna skal börnum eitthvað, finnst aðeins með ítarlegum, djúpstæðum og kærleiksríkum skilningi á manneskjunni. Það er þetta sem á að virka og ríkja í Waldorf-skólanum okkar.[v]

Skipulag náms og kennslu



Á venjulegum skóladegi er námsþáttum skipað þannig að aðalnámsefni eru kennd í tórnum yfir skólaárið og eru þau í 4-5 vikna tórnum hjá yngra stigi en 2-4 vikna tórnum hjá eldri nemendum. Þessar tarnir fara fram í *aðalkennslustund* að morgni, að loknum samsöng nemenda og kennara á sal.

Bekkjarkennari kennir ávallt í aðalkennslustund í yngri bekkjum en fagkennarar skiptast á að kenna á unglíngastigi.

Aðalkennslustund er frá kl. 8:45-10.30 hjá yngra stigi upp að 5. bekk en 10-15 mínútum lengri hjá 5-10. bekk. Þetta fyrirkomulag gerir kleift að vinna með námsefni á margvíslegan hátt yfir tímabil og fara dýpra í efnið en annars. Þættir eins og frásögn, minni og upprifjun eru nýtt meðvitað og skapandi vinna nemenda er tengd þeirri hrynjandi sem fæst með því að taka efni frá fyrri degi og vinna myndrænt með það inn í eigin vinnubók.

Styttri kennslustundir eru síðan fram að hádegi þar sem æfingatímum í grunnfögum er komið fyrir og öðrum námsgreinum, sem ekki eru kenndar í aðalkennslustundum, eins og lífsleikni, tónlist o.fl.

Tvöföldum handverkstímum er komið fyrir eftir hádegi, þrisvar í viku, hjá öllum aldurstigum. Elstu nemendur nýta þá tíma einnig í valgreinar.

Þannig er unnið markvisst yfir daginn, með huglæga innlögn að morgni og líkamlega og verklega þætti seinnipart skóladagsins. Þessi hrynjandi var tillaga frá Steiner þegar hann lagði fram námsskrá fyrir fyrsta Waldorfskólann og vildi hann þannig næra einbeitingu nemandans fyrst á morgnana og hvíla síðan í vinnu handanna seinni hluta skóladagsins.

Handverkið er einnig kennt í tórnum yfir skólaárið og yfirleitt í 4 vikur í senn. Sú vinna er oft tengd því efni sem verið er að vinna með í aðalkennslustund eða því þema sem aldurstigið hvílir í.

Handverkskennsla.



Inngangur.

Handverk og handavinna skipa stóran sess innan Waldorf kennslufræðinnar.

Tilgangur þess er fjölpættur, en kjarninn er sá að vekja og þroska hina skapandi krafta sem barnið býr yfir og hjálpa því að móta þessa krafta sem hluta af þroska sínum.

Handverkskennslu er ætlað að hjálpa yngra barninu að þróa heilbriggt ímyndunarafl og finna jafnvægi í viljalífinu og tilfinningalífinu. Seinna meir á unglíngastiginu getur þessi forvinna og framhald hennar stuðlað að frjórri hugarstarfsemi og stutt við rökhugsun og þá ferla sem leiða að gagnrýnni hugsun.

Steiner tók sérstaklega fram að hæfileikar fullorðinnar manneskju til að móta sér skoðun og einbeita sér í hugsanaferlum sínum, byggðist mun meira á því hvort henni sem barni var kennt að nota hendurnar en hvort hún lærði að nota rökhugsun seinna meir.

Seinni tíma rannsóknir hafa stutt þessar tilgátur þar sem komið hefur fram að taugabrautir heilans hjá barninu og þroski þeirra er í sterkum tengslum við fínhyrfingar fingra og handa.

Það má segja að handverkið hafi aðallega áhrif á þroska nemandans á þremur sviðum:

- að skapa færni úr hreyfigetu
- að umbreyta viljastyrk í formfegurð
- að breyta því sem annars væri lítilsverð athöfn í dyggð

Þegar nemandinn nær að bregðast við af næmni gagnvart hráefninu og beita verkfærum sínum á réttan hátt skapar hann færni úr hreyfigetu sinni. Þegar unnið er á listrænan máta með hönnun, liti og form er nemandinn í samtali við formfegurð viðfangsefnisins gegnum vilja sinn.

Þegar þessir tveir þættir ná að sameinast í vinnu handverksmanns þar sem hann upplifir tilgang og getu sína í verki getur það sem áður var lítilsverð athöfn umbreyt í dyggð.

Þessa þætti mætti kalla hina **þrjá umbreytandi krafta** handverksins, krafta sem stuðla að styrk og þroska manneskjunnar inn í innri veruleika sinn og birtingar hans í athöfnum og störfum.



Ferlar og nálgun.

Í handverkskennslunni er unnið í lotum eins og í öðrum fögum skólans.

Kennarar undirbúa námsefni sitt út frá handverksnámsskránni þar sem lagður er grunnur að því hvaða handavinna/handverk hentar hverju aldurstigi. Frekari útfærsla námsefnisins er svo í höndum kennarans sem útbýr efnið á eigin forsendum og finnur því farveg.

Í handverki er nemandanum leiðbeint í gegnum þá áskorun að vinna frá hugmynd yfir í efni. Í því ferli þarf að styðja hann í að nýta sér hæfileika sína, bæði á tilfinningasviðinu og því huglæga.

Huga má að því að þessi kennsla inniheldur einnig sterkt lækandi element og getur kennari nýtt sér þá nálgun sérstaklega þar sem það á við.

Handverkslotu hjá nemandanum má skipta í 3 vinnutímabil:

Undirbúningur.

Hugmyndavinna – hönnun.

Huglæg vinna.

Undirbúningur efnis.

Verkleg útfærsla.

Praktísk vinna.

Hráefnið tekið og mótað

skv. hugmynd sem hefur

verið unnin.

Sjálfsmat /gagnrýni.

Vinna á tilfinningasviði.

Í gegnum vinnuferlið metur

nemandinn stöðugt verk sitt.

Vinna með fegurðar/formskyn.

Handverk yngri nemenda fer aðallega fram undir handleiðslu bekkjarkennara en efri stig skólans vinna undir handleiðslu fagkennara í hinum ýmsu greinum handavinnu/handverks.

Íslensk handverkshefð.

Skólinn hefur frá upphafi haldið á lofti íslenskum verkhefðum og handverksmenningu.

Tóvinna, torf og grjóthleðsla, jurtalitun og vefnaður, eru allt þættir sem eiga sér sess í handverkstímum skólans. Nemendur læra þá verkferla sem tengjast þessum arfi og hafa kennarar skólans sótt ýmis námskeið til að geta sinnt þessu verkefni af alúð í kennslunni.

Handverksnámsskrá Waldorfskólans.



Í öllum bekkjum skipar handverkið veglegan sess og tengist inn í vinnu nemenda seinnipart dags. Hjá yngstu börnunum er ekki lögð áhersla á sérstaka handverkstíma til skólaloka heldur fær frjálsi leikurinn að njóta sín og handverkinu er fléttað inn í hann af kennara. Listinn yfir viðfangsefni er ekki tæmandi en telur upp ýmis verkefni sem hæfa aldurstigi skv. Waldorfskólanámsskránni.

1-2.bekkur

Efni: bývaxmótun, tóvinna, þæfing, fundið efni úr náttúrunni, málun, bakstur, þrjón, einföld spor í saumi, tálgun í ferskan við, fingrabrúður, þemavinna fyrir jóla, páska og hátíðir skólans.

3.bekkur

Efni: hekl, handavinnupoki, bakstur, smíðar, tálgun í ferskan við, spírun og ræktun, málun, leiklist.

4.bekkur.

Efni: krossaumur, þrjón, saumar, húsbygging, leirmótun, smíði, tálgun, útiöldun, garðyrkja.

5.bekkur.

Efni: vefnaður, málun, að sauma dýr, smíði, leiklist, leirmótun, þrjón/húfa.

6.bekkur.

Efni: brúðuleikhús, pappamassi, saumuð flík, þæfing/inniskór, mótun, smíði/leikfang.

7.bekkur.

Efni: málun, litafræði, smíði:útskurður/skál, leirmótun/ hol form, teikning, þrjón:ullarsokkar/vettlingar, útsaumur.

8.bekkur.

Efni: koparsmíði, trévinna:rammi/hljóðfæri, leirmótun/líffærin, bútasaumur,

Ræktun, endurnýting, formfræði, leiklist.

9.bekkur.

Efni: eldsmíði, leðurvinna, bókagerð, málun/vatnslitir, smíði/hirsla, leirmótun/höfuð, þrjón/peysa, saumar/snið og vélsaumur.

10.bekkur.

Efni:eldsmíði/framhald, skartgripasmíði, málun/akrýl, smíði/húsgagn, leirmótun/frjálst form, kvikmyndagerð/leikritun, textílhönnun, steinhögg/hleðsla, ljósmyndun.

Námsgreinar.

Íslenska.

INNGANGUR



Í aðferðafræði Waldorfskólans er eitt af grundvallaratriðum kennslunnar að miðlun námsefnis fer að stórum hluta fram sem frásagnarlist, þar sem kennarinn nýtir sér persónulegan frásagnarmáta sinn til veita nemendum innsýn í námsefnið.

Þannig verður talsmáti og orðanotkun kennarans á íslenskri tungu afar veigamikill þáttur í framsetningu námsefnisins.

Kennarinn þarf því stöðugt að vera meðvitaður um það að í kennslunni er hann sterk fyrirmynd nemenda í því að öðlast tilfinningu fyrir fegurð og margbreytileika íslenskunnar í gegnum tjáningu sína og málnotkun.

Í yngstu bekkjunum fer lestrar og skriftarkennslan fram á listrænan hátt með munnlegri og myndrænni miðlun án hefðbundinna námsbóka. Nemendur vinna sínar eigin vinnubækur eftir leiðbeiningu.

Þessi nálgun á lestrarkennslu byggir á sýn sem skoðar gæði hljóðs og tákns, orðmyndun, form, hrynjanda og uppbyggingu tungumálsins mjög vandlega og byggir sterkan grunn undir áframhaldandi þroska nemandans í þessari grunnfærni.

Markmiðið er að nemandinn fari frá eigin reynslu, áhuga og upplifun yfir í skilning og taki þann tíma til þess sem honum er eðlislægur.

Skriftarkennslan er hluti af þessu ferli og sterkt tengd hinni munnlegu framsetningu námsefnisins. Umbreyting hljóðs yfir í bókstafstáknið er unnin bæði myndrænt og með líkamstjáningu og er þessari vinnu gefinn góður tími fyrsta skólaárið.

Lesturinn hefst síðan með því að lesnar eru einfaldar setningar sem nemandinn hefur sjálfur skrifað eftir forskrift frá kennara sínum. Lögð er áhersla á að textinn sé innihaldsríkur og fallegur og hafi tengingu og vægi fyrir nemendur.

Lestarfærni byggist upp smátt og smátt og er einstaklingsbundið ferli.

Munnleg tjáning er mikilvæg frá fyrsta skóladegi. Nemendur taka þátt í upprifjun námsefnis frá deginum áður og öðlast við það færni í framsögn og hlustun.

Vísur, þulur og söngur er einnig mikilvægur hluti sameiginlegrar vinnu bekkjarins,

þar sem hópurinn vinnur sem heild með framsögn og rytmíska vinnu.

Á miðstigi er lestrarfærni síðan aukin hratt með upplestri og lestri bóka og nemendur taka að skrifa stutta texta frá eigin brjósti auk þess sem málfræðikennsla hefst. Skriftarfærni er gefinn sérstakur gaumur og nemendur æfa tengiskrift og formteikningu í þessu skyni. Vinnubækur nemenda eru stór hluti af því ferli. Málfræðikennsla hefst og byrjað er á að gefa innsýn í orðflokkana í gegnum leik og hreyfingu og það síðan leitt inn í skilning á málfræðikerfum. Aðalnámsskrá grunnskóla er síðan fylgt í stórum dráttum í málfræðikennslu efri bekkja.

Á unglingastigi er færni nemenda aukin í framsögn og persónulegri tjáningu tungumálsins bæði í gerð eigin vinnubóka og með umræðum og gagnrýni.

Áhersla er lögð á ljóðagerð og skapandi skrif auk þess sem færni í skilningi og samantekt á lesnu efni er aukin. Sameiginlegur ljóðaupplestur er hluti af vinnu hópsins og eru textar valdir með tilliti til námsefnis. Málfræðikennsla er samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla.

Bókmenntir og ljóð eru tengdar aðalnámsefni hvers skólastigs fyrir sig og velur kennari það efni sem hann telur henta. Á unglingastigi eru íslensku fornsögurnar teknar sérstaklega og samtímabókmenntir einnig, í tengslum við sögukennslu og aðrar samfélagsgreinar. Eigin ritun og ljóðagerð er mikilvægt skapandi ferli. Bragfræði er kynnt og skoðuð.

Upplestur á ljóðum og texta er snar þáttur í íslenskukennslu Waldorfskólans og fylgir þar hefðum aðferðafræðinnar um hrynjandahluta kennslunnar í tengslum við aðalkennslustund og aðalnámsefni.

Ritvinnsla og upplýsingamennt tengist íslenskukennslunni frá 7.bekk og er bæði æfð sérstaklega og fléttað inn í aðrar námsgreinar. Nemendur öðlast færni í ritun og heimildaleit auk vinnslu efnis á tölvutæku formi, í vinnslu myndrænna miðla og í tölvusamskiptum.

Á öllum skólastigum Waldorfskólans er leiklist og leikræn tjáning mikilvægt kennslutæki sem eykur færni og skilning á móturmálinu. Leikrænni tjáningu er fléttað inn í námsefni og þema hvers bekkjarstigs fyrir sig þar sem kennara finnst það henta.

MARKMIÐ HVERS BEKKJAR.

Samantekt á markmiðum aðferðafræði Waldorfskólans fyrir hvern bekk grunnskólans í íslensku. Viðmið eru áfangamarkmið fyrir 4,7og 10 .bekk í íslensku í Aðalnámsskrá grunnskóla .

Markmið:1.bekkur:Hlustun á ævintýri og sögur.Munnleg endursögn. Stafrófið kynnt og lært frá mynd að tákni. Vísur,þulur og kvæði notuð í samhengi við þema ársins og árstíðir. Leikræn tjáning Munnleg tjáning og upprifjun námsefnis.Hástafir teiknaðir og æfðir í vinnubók.Skriftarfærni æfð með formteikningu.

Markmið:2.bekkur: Hlustun á ævintýri og frásagnir. Endursögn. Hástafir æfðir í einföldum setningum eftir forskrift. Lestur á eigin texta.Söngur ,kvæði og þulur æfð Skriftarfærni æfð með formteikningu.Leikrit og munnleg upprifjun námsefnis.

Markmið:3.bekkur.Hlustun á námsefni aðalkennslustundar. Munnleg upprifjun.Skriftarfærni æfð og lágstafir kenndir eftir forskrift.Stuttir textar skrifaðir í vinnubók. Ljóð og ,kvæði um dýr.Dæmisögur og dýrlingasögur ýtarefni fyrir skrift..Lestur á einföldum texta.Leiklist. Unnið með orð og hluta setninga sem undanfara málfræðikennslu.

Markmið:4.bekkur.Lestur á texta í tengslum við námsefni.Yndislestur.Hlustun og upprifjun á frásögn kennara.Skrift æfð í texta vinnubóka og æfingu formteikninga. Stuttir stílar og ljóðagerð. Söngur og kvæði æfð.Í málfræði eru orðflokkarnir kynntir,fyrst í gegnum hreyfingu og leiki. Nafnorð,lýsingarorð og sagnorð,samhljóðar/sérhljóðar, samheiti/andheiti, kyn og tala. Stigbreyting lýsingarorða..

Viðmið: Áfangamarkmið í íslensku við lok 4.bekkjjar í Aðalnámsskrá grunnskóla.

Markmið:5.bekkur. Lestur á þyngri texta og lestrarbókum til að auka leshraða. Hlustun á frásögn og upprifjun.Tengiskrift æfð sérstaklega.Stuttir eigin stílar og upplestur á þeim. Rytísk vinna með ljóð og texta. Völuspá og Gylfaginning. Leiklist í tengslum við norrænu goðafræðina. Markmið í málfræði og stafsetningu skv. Aðalnámsskrá.

Markmið:6.bekkur. Lestur á texta, eigin og í bókum.Hlustun á frásögn og upprifjun.Eigin texti unninn upp úr frásögn kennara. Upplestur ,söngur og ljóðalestur í kór.Tengiskrift æfð í vinnubókum.Ljóða og sögugerð.Leiklist í tengslum við grísku goðafræðina og mannkynssögu.Markmið í stafsetning og málfræði skv.Aðalnámsskrá.

Markmið:7.bekkur. Lestur á texta og bókmenntum að eigin vali og í tengslum við námsefni. Hlustun og upprifjun og textagerð í vinnubækur.Unnið með uppsetningu texta í vinnubókum.Stuttir úrdrættir og eigin ritun.Upplestur ,ljóðalestur og ljóðagerð. Framsögn .Hugtök í bragfræði kynnt.Leiklist í tengslum við námsefni.Umræður og rökræður. Ritvinnsla og tölvur sem verkfæri.Orðaforði aukinn markvisst.Orðflokkar og stafsetning.

Viðmið: Áfangamarkmið í íslensku við lok 7.bekkjjar í Aðalnámsskrá grunnskóla.

Markmið:8.bekkur. Lestur á texta að eigin vali og í tengslum við námsefni. Unnir úrdrættir úr texta.eftir hlustun. Upplestur á eigin texta og efni. Kynningar í hóp á verkefnum.Umræður og rökræður um málefni .Skrift,textagerð og myndræn túlkun í vinnubækur persónulegri og listrænni.Uppsetning vinnubóka útfærð með blaðsíðutali, fyrirsögnum kafla, efnisyfirliti, inngangi og lokaorðum.Markmið í málfræði og stafsetningu skv. Aðalnámsskrá. Ritvinnsla, heimildaleit og tölvusamskipti. Útgáfa skólablaðs. Íslenskar fornsögur lesnar og ræddar.auk annarra bókmennta í tengslum við námsefni.


Markmið.9.bekkur. Lestur valbóka og námsefnis Hlustun á fyrirlestra.Eigin textasmíð.Hópavinna og kynningar á efni.Ritgerðarsmíð.Stuttir leikþættir samdir út frá efni eða frásögn. Ljóðalestur og ljóðagerð. Sameiginlegur upplestur á bókmenntatexta. Leiklist og spuni.Rökræður um og gagnrýni á lesinn

textu. Umræður um málefni. Úrdrættir úr texta. Lestur fornsagna og annarra bókmennta. Vinnsla úr heimildum. Markmið í málfræði og stafsetningu skv. Aðalnámsskrá. Ritvinnsla, heimildaleit og vefsíðugerð.

Markmið. 10. bekkur. Lestur valbóka og námsefnis. Hlustun og glósun fyrirlestra. Eigin textasmíð í tengslum við námsefni í vinnubækur. Heimildarritgerð. Smásagnagerð. Sameiginlegur upplestur bókmenntaverks og leiklestur. Leiklist og spuni. Umræður og gagnrýni á málefni líðandi stundar. Framsögn og ræðumennska. Yndislestur. Heimsbókmenntir og rithöfundar. Bókmenntasaga. Bragfræði. Málfræðiæfingar. Setningafræði. Ritvinnsla og margmiðlun, vefsíðugerð. o.fl.

Viðmið: Áfangamarkmið í íslensku við lok 10. bekkjar í Aðalnámsskrá grunnskóla.

Stærðfræði



Stefnumið, reikningur 1-2.bekkur.

Fyrir 1. og 2.bekk er ekki aðalatriðið að kenna reiknistækni, heldur að upplifa ríkidæmi og margbreytileika í heimi talnanna. Tölur eiga að standa okkur nærri, vera hlutgerðar, nálægar með því að telja á fingrunum, með talnavölum eða klappi.

Efrimörk talninga er 100.

Rytmísk talning með klappi, gangi, stappi, og hoppi.

Finna einstaklingseðli og gæði talnanna líkt og gert er með bókstafina, fara frá einum og upp í tólf.

Einnig má byrja með rómversku tölurnar fyrst.

Með innleiðingu í reiknislistirnar fjórar, samlagningu frádrátt, margföldun og deilingu upplifa nemendur síðan líf og athafnir talnanna með hver annarri. Mikilvægt er að kynna aðferðirnar samhliða þannig að nemandinn upplifi þær sem eina heild.

Áhersla er á einfaldan hugarreikning þar sem farið er frá heildinni til hlutanna.

Markmið:

Taktur eða rytmi sem grunnur fyrir alla talnavinnu.

Gæði talnanna frá 1-12 kynnt.

Nemendur kynnist reiknislistunum fjórum.

RytmaVinna með tölur frá 1-20, bekkurinn gengur,klappar,stappar og telur.

Geta leyst einföld hugarreiknisdæmi.

Innlögn á táknum talna, arabískar og rómverskar tölur.

Stefnumið. Reikningur 3.bekkur:

Fyrir 3.bekk er haldið áfram að upplifa ríkidæmi og margbreytileika í heimi talnanna. Reiknislistirnar fjórar eru æfðar bæði til að geta leyst flóknari dæmi í huganum og skriflega. Tugakerfið er kynnt og æft.

Tölur standa okkur áfram nærri og eru hlutgerðar með því að telja á fingrum, með talnavölum eða klappi.

Engin efrimörk eru á talningu.

Markmið:

Áfram haldið með rytmíska talnavinnu sem leiðir til margföldunartaflnanna.

Talnaveröldin teygir sig upp í 1000.

Reiknislistirnar fjórar eru æfðar í huganum og skriflega.

Samhæfing í að telja og beita líkamanum.

Áhersla á tugakerfið.

Nemandi öðlast færni í notkun talnavala og hugarreiknings.

Stefnumið: 4.bekkur

Áherslan í reikningi flyst frá upplifunar og talnagleði í það að reikningur sé mikilvægt verkfæri. Þetta er ár margföldunartaflnanna.

Nú fer reikningurinn skrefinu lengra en svo að hægt sé að reikna allt í huganum. Byrjað að setja upp dæmi og reikna í reiknislistunum fjórum með heilum tölum. Nemendur læra að vinnan með tölur er hagnýt og nytsamleg. Unnið er með verkefni og dæmi úr raunveruleikanum.

Nemandinn rannsakar lengdarmælingar út frá eigin líkama og mælieiningum til forna,t.d. þumlungur.fet og faðmur.

Markmið:

Reiknislistirnar 4 eru æfðar þar til fullu öryggi er náð.

Margföldunartöflurnar frá 1-12.

Að geta sett dæmi rétt upp í öllum fjórum reiknisaðferðum.

Að þekkja sinn eigin líkama sem mælieiningu.

Að nota praktísk dæmi úr hversdagslífinu.

Tugabrot kynnt.

Viðmið:

Áfangamarkmið Aðalnámsskrár í stærðfræði við lok 4.bekkjar.

Stefnumið: stærðfræði 5.bekkur.

Hugarreikningur er ennþá mikilvægur en núna kemur skriflegur reikningur með fullum þunga og haldið er áfram að æfa færni í öllum reiknislistum með heilar tölur. Praktísk verkefni eru notuð úr daglegu lífi, eins og hægt er. Námsfni er sótt í lengdar, vigtun og rúmmælingar.

Nýtt námsfni er innlögð á brotareikningi á myndrænan hátt. Nemendur vinna af öryggi í reiknislistunum og með margföldunartöflur. Nemendur læra að leggja saman og draga frá með ólíkum nefnum.

Markmið:

Full færni í uppsetningu dæma með heilar tölur í samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu.

Hagnýt verkefni, t.d. búðaleikur, bakstur og basarsala.

Lenging og stytting talna.

Brotareikningur. Almenn brot.

Stefnumið: Stærðfræði 6.bekkur.

Reiknisaðferðirnar 4 útvíkkaðar til að ná brotum, blönduðum tölum og tugabrotum. Áhersla er á æfingar sem leysa bæði hagnýt vandamál og reiknisdæmi. Mælingar fyrir lengd, þyngd og magn eru teknar inn í tugabrot.

Fríhendis geómetría kemur inn sem aukafag í stærðfræði.

Markmið:

Styrking í reiknisaðferðum.

Endurtekning á brotareikningi.

Samlagning og frádráttur brota. Samnefnari.

Samlagning og frádráttur tugabrota.

Áframhald í hagnýtum reikningi með mælingar og viktun, flatarmál og magn.

Stefnumið: stærðfræði 7.bekkur.

Brotareikningur verður nú flóknari. Margföldun og deiling bæði með almennum brotum og tugabrotum. Aukið þyngdarstig dæma. Vinna með tölur og stærðir sem undirbúningur fyrir prósentu og vaxtarreikning. Algebra er innleidd í framhaldi af því.

Rúmfræði, ferhyrningur, þríhyrningur, hringur og pí.
Praktískur reikningur. Brúttó, nettó, afsláttur o.s.frv.
Hið sanna verður hið fallega. Geómetrísk teikning.

Markmið:

- Margföldun og deiling brota.
- Upplifun á því að prósentu er hundradshluti.
- Skilningur á að algebra er tákni fyrir stærð.
- Upplifun á rúmfræðihugtökum.
- Verslunarreikningur.

Viðmið:

Áfangamarkmið Aðalnámsskrár í stærðfræði við lok 7.bekkjar.

Stefnumið: stærðfræði 8.bekkur.

Algebran sem kynnt var árinu áður er nú æfð í samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu.

Talnaskilningur er þróaður út í negatífar tölur og reiknað með þeim. Jöfnur eru kynntar og vaxtarreikningur er þróaður yfir í tímabil úr ári.

Almenn stærðfræði I. er notuð sem æfingabók.

Markmið:

Undirstöðuskilningur í algebru og jöfnureikningi.

Upplifun á negatífum tölum.

Vaxtarreikningur.

Æfingar í dæmavinnu.

Stefnumið: stærðfræði 9.bekkur

Í níunda bekk er vinnan með jöfnur og flatarmál þróuð áfram. Algebran er æfð og stæður, jöfnur og formúlur leystar. Unnið er með einslögun, hnitakerfið og mælikvarða. Í hnitakerfinu er unnið með hnit punkta, formúlur og gröf. Með tölfræði er lesið úr og sett upp myndrit, miðsækni fundin.

Almenn stærðfræði II. er notuð sem æfingabók.

Markmið:

Negatífar tölur og námundunargildi.

Prósentureikningur

Veldi og tugaveldi.

Hringurinn.

Algebra.

Einslögun og hnitakerfið.

Tölfræði.

Stefnumið: stærðfræði 10.bekkur.

Það er mikilvægara í stærðfræðinni í 10. bekk hvernig við hugsum um stærðfræði en hvað við reiknum. Unnið er með líkindareikning og líkur fundnar með einföldum dæmum. Ferningar og ferningsrætur reiknaðar út. Rúmmálsfræði með strendinga, sívalninga, píramída, keilur og kúlu, með ýmsum dæmum. Haldið er áfram með algebru, veldi, margliðun og þáttun. Jöfnur og jöfnuhneppi. Að lokum eru teknar sannanir í rúmfræði.

Almenn stærðfræði III. Er notuð sem æfingabók.

Markmið:

Líkindareikningur.

Ferningar og ferningsrætur.

Algebra.

Jöfnur og jöfnuhneppi.

Viðmið: Áfangamarkmið Aðalnámsskrár í stærðfræði við lok 10. bekkjar.

Upplýsinga- og tæknimennt.

Waldorfskólinn Sólstafir samþættir upplýsingar og tæknimennt öðrum námsgreinum skólans. Kennsla og fræðsla um upplýsingar- og tæknibyltinguna kemur í rökréttu framhaldi í námsframvindu skólans. Frá 12. aldursári byrja nemendur að setja saman sína eigin tölvu og læra stærðfræðina á bakvið stýrikerfi og skynsemi tölvunnar. Tölvun sem margmiðlunarverkefni í nútíma samfélagi kemur sem námsgrein í 7 – 10 bekk Waldorfskólans. Nýsköpun og hagnýtingaþekkingar er samþætt öðrum námsgreinum skólans. Sérstaklega verður framþróun mannsins greinileg í framvindu viðfangsefna fyrir hvert námsár með tilvísun í þroska barnsins. Frá 9 námsári þegar iðnbyltingin, tími uppfinningamanna, tækni- og tölvubylting verður höfuðþema námsefnisins þá er

nýsköpun og hagnýting þekkingar ásamt áhrifum hennar á samfélagið og manninn í forgrunni.

Vakin er athygli á að skólanámskrá Waldorfskólans breytir framkvæmd og röðun þrepa og áfangamarkmiða aðalnámskrár í upplýsingar – og tæknimennt.

Íþróttir og sund

Markmið íþróttar og hreyfifærni náms innann Waldorfskólans er að styðja alhliða þroska barnsins andlega, líkamlega og félagslega í gegnum miðil hreyfingarinnar.

Íþróttar og hrynlístafræðingarnám nemenda skiptist í eftirfarandi þætti:

1. Skipulagða leiki og hreyfingu skv. aldri og þroska í aðalkennslustund á hverjum morgni.
2. Einn tími í hreyfingu á viku í hópíþróttum, leikjum og þjálfun ásamt kennara.
3. Einn tími í sundi á viku ásamt sundkennara.
4. Hrynlístafræðingarnám yfir skólaárið.

Á yngri stigi hafa hringleikir og eltingaleikir, samhæfingar og jafnvægisleikir mest vægi í líkamlegri þjálfun. Á miðstigi koma inn boltaíþróttir, hópleikir og æfingar í ólympíugreinum frjálstra íþróttar. Á unglingastigi er ýmsum keppnisíþróttum gefið meira vægi auk þess sem nemendur vinna með fimleika og sirkusæfingar og þol og styrktaræfingar. Einnig eru dans og sýning á hrynlístafræðingarnám innan námsefnisins.

Nemendur skólans sækja sundkennslu í Laugardalslaug og eru tímar einu sinni í viku hjá hverju stigi skólans, annaðhvort á haust eða vorönn.

Hrynlístafræðingarnám



Hrynlist eða eurythmie er eitt af sköpunarverkum Rudolfs Steiners. Hrynlist er kennd í flestum Waldorfskólum og er mikilvægur þáttur í náminu. Hrynlist er heildræn hreyfilist sem nær til líkama, sálar og huga iðkandans og er um leið listform. Í henni eru lögmál tungumálsins og tónlistarinnar, þ.e. sérhljóðar, samhljóðar og tónar hreyfð og nemandinn öðlast dýpri upplifun og skilning á eðli hljóðs og tóns.

Í hrynlistarnámi læra nemendur að vinna saman og taka tillit til hvers annars. Þau æfa saman huga og hönd og öðlast þekkingu á tón og ljóðlist á nýjan og skapandi hátt. Í hrynlistarnáminu er einnig leitast við að taka íslenskan kvæða og ljóða arf og lífga hann við og bera til framtíðar.

Formteikning.

Formteikning er kennd í 1-5.bekk og í henni felst kennsla í fríhendis línuteikningu af abstrakt formum.

Formteikning var ein af þeim námsgreinum sem R. Steiner mælti með að yrði kennd í Waldorfskólanum. Áhrif og skilvirkni þessarar greinar felast í ferlinu sem nemandinn gengur í gegnum á meðan hann vinnur og styrkir námsgreinin tengingu huga og handar og ýtir undir jafnvægi, einbeitingu og formskynjun og er undanfari skriftarkennslu í fyrsta bekk. Formteikning er einnig notuð í sérkennslu sem læknandi ferli.

Litið er á formteikningu sem einskonar far eða skrásetningu á hreyfingu. Sjónræn form vekja upp tilfinningaleg viðbrögð og áreiti þeirra hafa mismunandi áhrif á heilastarfsemina. Því er unnið er með tilfinninguna og ferli línunnar í forminu með öllum líkamanum fyrst í stað. Yngstu nemendurnir eru fengnir til að hreyfa sig eftir formi línunnar, eða teikningarinnar, áður en þeir skrásetja hana á blað. Allur líkaminn er tekinn með í ferlið og jafnframt er æft að teikna formið í lausu lofti eða með fingrunum í sand og að lokum á blað.

Formteikning í 1-5.bekk



Í 1.bekk er byrjað að vinna með einfalda línuteikningu,-beina og sveigða línu.

Síðan er haldið áfram í 2-3.bekk með náttúruleg form eins og spíralinn og þaðan yfir í að spegla form yfir miðjuás, lóðrétt og síðan lárétt og í kross.

Næsta stig er að spegla út frá miðju um 3-5 ása og í 4.bekk er unnið með jafnvægesteikningar þar sem miðja og fjarlægð línu eru reiknuð út fríhendis.

Í 5. bekk er síðan unnið áfram með flóknari línuteikningar sem tengjast undir og yfir línu og er úr nógu efni að velja í hnútum og skreyti víkingatímans.

Í 6. bekk viku formteikningin síðan fyrir fríhendis geómetríu.

Í gegnum formteikninámið eru ýmsir eiginleikar og tækni þjálfuð og má þar nefna fegurðar og formskyn, jafnvægi, einbeitingu og viljastyrk til að leysa flókin sjónræn verkefni og samhæfingu huga og handar. Þessi vinnuferli styrkja nemandann síðan í öðrum námsþáttum og styðja við ýmis líkamleg þroskaferli.

Mat, skólaþróun og áætlanagerð

Námsmat



Í Aðalnámsskrá grunnskóla segir:

“Viðmið um mat á lykilhæfni í grunnskóla eru sett fram í fimm liðum sem eru sameiginlegir öllum námssviðum:

- Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.
- Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýnni hugsun og röksemdafærslu.

- Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
- Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingarnar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnninn hátt.
- Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.”[\[1\]](#)

Waldorfskólinn hefur frá upphafi lagt mat á framfarir nemenda með margvíslegum hætti og má segja að hann vinni nú þegar samkvæmt viðmiðum um mat á lykilhæfni að flestu leyti. Kennarar vinna sameiginlega að námsmati í annarlok og fara yfir námsframvindu hvers nemanda samkvæmt gögnum og viðmiðum áður en vitnisburðir eru skrifaðir.

Í skólanum eru ekki tekin próf, að samræmdum prófum undanskildum, en kannanir eru lagðar fyrir í efsta bekk skólans í lykilgreinum.

Símat á vinnu nemenda er einn af grunnþáttum Waldorfskólasterfnunnar og er hverjum nemanda afhentur vitnisburður við lok skólaársins. Bekkjarkennari eða umsjónarkennari vinnur vitnisburð sem hæfir aldri og þroska nemandans og fagkennarar semja einnig vitnisburð fyrir hvern og einn, þannig að hver nemandi fær lítið hefti eftir veturinn .þar sem fram kemur jákvæð og uppbyggjandi gagnrýni á vinnu og framfarir.

Vinna nemenda og hæfni þeirra er metin eftir hverja törn og jafnt og þétt yfir skólaárið. Elstu nemendur vinna jafningjamat og meta kennsluna og sínar eigin framfarir eftir kennslutörn. Leiðsagnarmat er einnig nýtt sem gæðastjórnunartæki í eldri bekkjum.Vinnubækur nemenda eru yfirfarnar eftir kennslutörn og þeim gefin skrifleg gagnrýni sem hefur áhrif á vitnisburð vetrarins.

Foreldrum býðst viðtal einu sinni á önn, þar sem farið er yfir námsframvindu og vinna nemandans skoðuð.Að auki er hægt að fá viðtal við kennara eftir þörfum.

Einnig gefst forráðamönnum tækifæri til þess að skoða vinnu nemenda á opnu húsi skólans á vorönn.

Við lok skólagöngu, í 10.bekk fá nemendur einkunnir samkvæmt matskvarða sem notaður er um brautskráningu nemenda úr grunnskóla.

Umsjónakennari unglingastigs og fagkennarar bera sameiginlega ábyrgð á því að veita elstu nemendum sem besta leiðsögn við lok skólagöngunnar og við upphaf náms á fyrsta eða öðru hæfniprepi framhaldsskóla.

Símenntun kennara.

Skólinn er í góðum tenglum við norsku Waldorfkennarasamtökin og hafa þau stutt við starf skólans á undanförunum árum. Kennarar skólans hafa farið á símenntunarnámskeið sem haldið er í Osló í byrjun ágúst ár hvert fyrir Waldorfkennara á Norðurlöndum. og unnið þar með uppbyggingu vetrarstarfsins ásamt reyndum kennurum.

Viðmið og sjálfsmat.

Skólinn hefur unnið að sjálfsmati undanfarin ár samkvæmt nokkrum sjálfsmatslíkönum. Eitt þeirra nefnist Fjögurra blaða smárinn. Einnig hefur verið stuðst við SWOT greiningu á einstaka þáttum.

Unnið hefur verið með sjálfsmat á þessum grunni innan skólans frá 1999. Samkvæmt þessari fyrirmynd er starfið sett upp sem mynd sem skiptist í fjögur frumsvið sem eru kölluð Eldur, Loft, Vatn og Jörð.

- Eldur: Stendur fyrir hugsjónir, markmið, stefnu og framtíðarsýn skólans.
- Loft: Stendur fyrir samstarf og tengsl hið innra og ytra.
- Vatn: Stendur fyrir vinnuferla náms og kennslu og hrynjandi í skólastarfinu.

- Jörð: Stendur fyrir praktískar hliðar á starfinu.

Ef þessi fjögur svið eru greind í þætti má finna öllum þáttum skólstarfsins sinn stað. Til dæmis falla þættir eins og framtíðarsýn, sérstaða, námskrá og þróunarstarf undir Eld. Samstarf, foreldrasamvinna, samskipti við fræðsluyfirvöld, endurmenntun og stjórnun teljast til Loft sviðsins. Nemendur, námsmat, námsefni, gæði kennslu, samþætting námsgreina o.fl. teljast til Vatns. Hlutir eins og aðbúnaður skólans, skólabyggingar, hráefni, vistvernd og umgengni flokkast undir Jörð. Einstaka þætti er síðan hægt að fara með í gegnum SWOT-ferli þar sem tækifæri, ögranir, veikleikar og styrkleikar þeirra eru metnir. Út frá þessari vinnu er dregin upp mynd fyrir áhersluþætti í sjálfsmati og umbótaáætlun skólans auk þess sem gerðar eru kannanir innan skólasamfélagsins. Kennarar, starfsfólk, foreldrar og nemendur koma að þessari vinnu.

Þessi mynd nýtist síðan til þess að fá yfirsýn yfir starfið, finna veikleika og styrkleika skólans, skoða hvernig dreifing vinnunnar er á einstaka starfsmenn og hópa er og meta árangur starfsins.

Þetta hefur einnig verið sett í samhengi við ferla eins og skammtíma áætlanir (1 ár eða minna), millitíma áætlanir (2-5 ár) og langtíma áætlanir eða framtíðarsýn (10-30 ár).

Sérkennsla – stuðningskennsla

Sérkennsla í fer fram á tvennan máta. Í fyrsta lagi í kennslustundum þar sem kennari aðstoðar einn eða tvo nemendur einstaklingsbundið. Í öðru lagi með stuðningskennara inn í kennslustund þar sem nemandinn er studdur til sjálfsnáms í hópnum.

Sérkennsla í Waldorfskólanum er einstaklingsmiðuð og lagar sig að þörfum þess nemanda sem þarf á henni að halda. Kennslunni er hagað á heildrænan máta og í samræmi við aðferðafræði skólans.

Listmeðferð og félagsmótun styðja við sérkennslu ef þurfa þykir auk þess sem unnið er með hefðbundnar námsgreinar eins og lestur, reikning eða annað sem

styður námsferil nemandans. Einstaklingsbundin námsskrá er gerð fyrir nemandann ef þurfa þykir.

Samkvæmt grunnskólalögum á hver einstaklingur rétt á kennslu við hæfi. Nemandi í sérkennslu getur haft einstaklingsbundna námsskrá sem felur í sér breytt námsmarkið frá aðalnámsskrá grunnskóla.

Waldorfskólinn Sólstafir er lítill skóli með samkennslu árganga. Stuðningskennarar hafa einnig því hlutverki að gegna að brúa bil námsgetu á milli árganga og einstaklinga í bekkjum þegar nauðsyn krefur.

Samkennsla



Fámennir skólar hafa alla tíð notað samkennslu. Annaðhvort í einstaka námsgreinum eða í heilum bekkjardeildum.

Fámennir Waldorf skólar hafa notfært sér samkennslu í tveimur eða fleiri árgöngum saman með góðum árangri. Waldorfskólinn Sólstafir hefur notað samkennslu árganga frá fyrsta starfsári skólans.

Í samkenndu er aukin áhersla lögð á einstaklinginn og hans þarfir. Samkenndubekkjarkjarhópar eru fámennir og ætti kennarinn þar af leiðandi að geta sinnt hverjum og einum vel og hafa góða yfirsýn yfir stöðu hvers nemanda. Í samkennduhópum eru nemendur á mismunandi aldri og verður kennarinn að taka tillit til þess þroskamunar sem á þeim er.

Í skólustarfinu eru gerðar kröfur um að nemendur geti beitt sjálfstæðum vinnubrögðum, geti dregið sjálfstæðar ályktanir og séu færir í mannlegum samskiptum. Samkennduformið gerir auknar kröfur til nemenda um sjálfstæð vinnubrögð og býður upp á sveigjanleika í kennduháttum. Stór kostur í kenndunni er að kennarinn getur tekið mið af þroska hvers og eins nemenda í stað árgangs. Samkennduformið hentar vel í fámennum skólum og býður upp á ýmsa möguleika sem eru í takt við nútíma þjóðfélag og kennduhætti.

Bekkjarskipting í Waldorfskólanum Sólstöfum er eftirfarandi:

Forskólastig.

1. og 2. bekkur

3. og 4. bekkur.

5. og 6. Bekkur.

7. og 8. bekkur

9. og 10. bekkur

Bekkjarkennarinn

Hlutverk kennara í Waldorfskóla með starfi í bekkjardeilum er vel lýst í kaflanum: *Kærleiksríkt skólustarf / handbók kennara*, í skólanámskránni. Ábyrgð bekkjarkennarans er að ná fram markmiðum menntunarinnar ásamt hverjum nemanda og að fylgja nemendum sínum öll skólaárin, fyrst sem bekkjarkennari og síðan sem umsjónarkennari á unglíngastigi skólans.

Waldorfskólinn Sólstafir leggur þá ábyrgð á herðar kennara skólans að draga fram markmið Aðalnámskrár grunnskóla innan framsetningar og námstilhögunar Waldorfskólans.

Kennarinn hefur yfirsýn þrepamarkmiða, áfangamarkmiða og lokamarkmiða í Aðalnámsskrá. Hann ber ábyrgð á útfærslu þeirra og hefur jafnframt faglegt svigrúm til að aðlaga markmiðin skólastarfinu, námsgetu og aldurskiptingu nemenda í sinni bekkjardeild og svigrúm til að laga námsvísi Waldorfskólans og aðalnámskrá grunnskóla hvort að öðru. Frelsi kennarans til að vinna innan gefins ramma er mikið og gefur honum tilefni til að nýta eigin sköpunarkraft, innsæi og eldmóð í kennslu sinni sem gerir það að verkum að kennslan er lifandi ferli sem tekur tillit til einstaklingsins og námsframvindu hans.

Kennsluhættir sem þessir setja nemandann ávallt í forgrunn.

Samstarf leikskóla og skóla



Waldorf

leikskólinn er hluti af uppeldisfræðinni sem Waldorf grunnskólinn byggir á og þar er lagður grunnur að þeirri nálgun sem aðferðafræði R. Steiners byggir á.

Hornsteinn leikskólustarfsins er frjálsi leikurinn og rík þörf unga barnsins til þess að herma eftir og endurskapa í leik þann heim sem það hefur fyrir sjónum dag hvern. Í uppeldisfræðinni sem byggt er á er leikurinn sá vettvangur sem barnið frá 0-7 ára lærir mest af og flæðir það síðan áfram inn í fyrsta bekk grunnskólans þar sem leiknum er gefið gott svigrúm ásamt kennslunni.

Í starfi leikskólans er sterk árstíðabundin hrynjandi og tengsl við náttúruna og náttúruöflin notuð sem grunnur í þemavinnu, leik og sögum.

Leitast er við að hafa allt umhverfi barnanna fallett, vistvænt og heimilislegt.

Leikskólakennarar og starfsfólk vinnur hefðbundin heimilis og útistörf ásamt börnunum.

Waldorf grunnskólinn er eðlilegt framhald af leikskólanum. Barn sem kemur þaðan kemur inn í skólaumhverfi þar sem það þekkir marga hluti, hátíðir og viðfangsefni þar sem kennarar leikskólans og skólans vinna að mörgum verkefnum í sameiningu og starfa á sama grunni.

Börn á elsta stigi leikskólans koma í kynnisferð í skólann og sex ára börnin taka á móti þeim ásamt kennara sínum. Gott samstarf er á milli leikskólakennara og kennara skólans.

Stjórnun skólans



Markmið Waldorfskólans Sólstafa er að vinna að flatrí, lýðræðislegri stjórnun, þar sem samhygð, stuðningur, samábyrgð og umhyggja eru höfð í hávegum.

Áhersla er lögð á að byggja upp frumkvæði kennara og starfsmanna og að allir starfsmenn hafi lifandi áhuga á skólastefnunni.

Allir taka jafnan þátt og ábyrgð í faglegu og stjórnunarlegu tilliti, en reynslumeiri kennarar eru í leiðbeinandi hlutverki.

Hver og einn leggur vinnu sína í faglegt mat hópsins og unnið er markvisst að því að þróa og bæta gæði kennslunnar og starfsins innan skólans.

Öll ákvarðanatataka er í samræmi við flata stjórnun og starfsmenn skipta með sér störfum eftir reynslu og sérsviði.

Kennarafundir eru vikulega og aukafundir ef þarf. Á þeim fundum eru allir þættir starfsins teknir fyrir, bæði hvað varðar kennsluna og rekstur skólans. Kennarafundir fylgja sterkri hrynjandi eins og kennslan sjálf. Allar ákvarðanir eru skráðar í fundargerðabók.

Kennarar skólans eru með viðveru frá 8:15- 16:00 síðdegis.

Samstarf heimilis og skóla



Foreldrar eru mikilvægur hluti af skólasamfélaginu og styðja við skólastarfið á fjölmargan hátt. Skólinn var í upphafi stofnaður af hópi foreldra sem hafði löngun til að þessi skólastefna fengi brautargengi hér á landi. Náíð samstarf kennara og foreldra er mikilvægt í Waldorfskólanum Sólstöfum. Samskipti eru fjölbreytt, bæði formleg og óformleg. Í byrjun annar heldur umsjónarkennari foreldrafund þar sem hann kynnir námstillhögun annarinnar. Reglulega eru í boði ýmis námskeið og fjölbreyttir fyrirlestrar. Lögð er áhersla á að hafa samskipti við foreldra persónuleg og ekki eingöngu í formi rafrænna upplýsinga.

Foreldrafélag skólans er samstarfsvettvangur kennara og foreldra og situr að jafnaði einn kennari í stjórn félagsins sem tengiliður.

Foreldrar er ávallt velkomnir að koma í heimsókn á skólatíma, vera með og fá innsýn í daglegt starf.

Kennarar eru með fasta viðtalstíma milli 8.15 og 8.45 á morgnana.

Heimildir

Kaflarnir: Þroskastigin og tenging þeirra við námsskrána, Frumgerð mannlegs þroska, Að þekkja einstaklinginn, Mannspeki sem grunnur að waldorf kennslufræði og Einstaklingsmyndun eru teknir úr “ *The Educational tasks and content of the Steiner Waldorf curriculum*” eftir Martin Rawson. (Steiner School Fellowship Publications. 2000.) með góðfúslegu leyfi höfundar. Kaflana þýddi Gísli Ragnarsson.

Dagny Ringheim og Kent Härström. *Læreplan for steinerskolene 2007*. Steinerskolene i Norge. 2007. (link)[\[4\]](#)

[\[1\]](#) Aðalnámsskrá grunnskóla-almennur hluti. Bls:16. Mennta og menningarmálaráðuneyti. 2012.

[\[2\]](#) Christopher Clouder, Martin Rawson. *Waldorf education*. Steiner Books Inc. 1998.

[\[3\]](#) Aðalnámsskrá grunnskóla-almennur hluti. Bls 22. Mennta og menningarmálaráðuneyti. 2012.

4. Aðalnámsskrá grunnskóla-almennur hluti. Bls 53. Mennta og menningarmálaráðuneyti. 2012.

[i] Sjá Steiner, R., *Intuitive Thinking as a Spiritual Path: A Philosophy of Freedom*, 1995, og *Theosophy: An Introduction to the Spiritual Processes in Human Life and in the Cosmos*, 1994, báðar útgefnar af Anthroposophic Press, til að fá kynningu á mannspeki. Kynningu á kennslufræðilegum hugmyndum hans má finna í: *The Education of the Child* og *The Child's Changing Consciousness and Early Lectures on Education*, 1996, og *Waldorf Education*, 1996, báðar útgefnar hjá AP.

[ii] Steiner, R., *Anthroposophical Leading Thoughts*, bls. 11, RSP 1985.

[iii] Steiner, R., GA 62, *Die Ergebnisse der Geistesforschung*, fyrirlestur 21/11/1912, bls. 122 (þýðing M.R.).

[iv] Steiner, R., *Occult Science*, bls. 250, RSP 1969.

[v] Steiner, R., *Rudolf Steiner in the Waldorf School, Lectures and Addresses to Children, Parents and Teachers*, bls. 79. AP 1996.

